

Alþingi  
Erindi nr. P 135/454  
komudagur 27.11.2007



MOSFELLSBÆR

Alþingi  
v/ Efnahags- og skattanefndar  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík.

22. nóvember 2007

**Umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar vegna frumvarps  
til laga um breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur, enda réttir það af, ef til kemur, það ójafnræði sem verið hefur á milli almenningssamgangna og hópferðasamgangna hvað varðar endurgreiðslu virðisaukaskatts af nýjum ökutækjum. Núverandi lagaákvæði heimila aðeins endurgreiðslu virðisaukaskatts af hópferðabifreiðum, en ekki almenningssvögnum eins og t.d. Strætó bs. hefur í sinni þjónustu.

Þá er og fagnað framkomnu frumvarpi sem, ef til kemur, heimilar fulla endurgreiðslu á ollugjaldi í stað 80% endurgreiðslu eins og nú er.

Virðingarfyllst  
f.h. Bæjarráð Mosfellsbæjar

  
Stefán Ómar Jónsson  
bæjarritari